



Akstursíþróttasamband Íslands

Stjórnarfundur - 15.7.2014

Stjórnarfundur Akstursíþróttasambands Íslands (AKÍS) haldinn í D sal ÍSÍ Íþróttamiðstöðinni Laugardal þann 15. júlí 2014 kl. 18:00

Mætt:

Guðbergur Reynisson (GR), Tryggvi M Þórðarson (TMP), Þórður Bragason (PB), Ragnar Róbertsson (RR), Gunnar Bjarnason (GB), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Ari Jóhannsson (AJ), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Gunnar Hjálmarsson (GH), Þrándur Arnþórsson (ÞA)

Ekki mætt:

Einar Gunnlaugsson (EG)

1. Eldri skuldir #402

Lokauppgjör - TMP er búinn að tala við fjárhaldsmann ekkjunnar. Greitt 3 milljónir núna og 1.5 milljónir í mars 2015.

Fjárhagsnefndin hefur lokið störfum. Þessi skuldamál eru nú í höndum AKÍS og stjórnin samþykkti að þessu verði lokið fyrir Ársþing 2015.

2. Öryggisnámskeið #405

AJ - Samningur kynntur - Staðlaður samningur. Talsverðar skýrslugerðir sem þarf. Verið að tryggja hag FIA. Hægt að setja fram kostnað. 40.000 evrur er heildarkostnaður og 50% sem kemur frá FIA. ÓG hefur fyllt þetta út.

Ýtt af stað í haust.

þurfum að skipuleggja tímalínu.

TMP og Ian Sykes - tvö kvöld frá 18:30-22. Tekin fyrir raunveruleg verkefni með prófum.

Öryggisplan og fleira.

Námskeið haldið í september í Reykjavík og á Akureyri.

þarf að þýða yfir á íslensku 60-70 blaðsíður.

TMP og AJ halda áfram með málið.

Athuga með næstu styrki. Rætt um t.d. að sækja um Infrastrúktúr.

ASN bók frá FIA er á leiðinni á rafrænu formi og verður dreift á stjórn.

3. Fjárhagur #402

Drög að hálfársuppgjöri - ÞA kynnti stöðuna.

TMP: Nú er rétti tíminn til að senda inn á fjárlaganefnd. Þarf að finna dæmi um texta. JBJ og PB fara í málið.

4. Alþjóðleg keppnisskírteini

TMP - þýða þarf og búa til ramma um hvernig slík skírteini eru gefin út. TMP stefnir að því að vera kominn með ramma fyrir næsta raunfund.



Akstursíþróttasamband Íslands

5. Keppnishald 2014 #427

Agamál á Bíladögum - GR vék af fundi. Viktor hefur ekki greitt félagsskírteini. TMP las upp bréf frá BA og Viktori.

þarf að búa til ramma um refsingar og sektir.

Vantar vitni að atburðinum og jafnvel upptöku. GR kom aftur á fundinn.

Torfæra í Jósefsdal þann 12. júlí 2014 - Samkvæmt skýrslu frá keppnisstjórn og einum dómara keppinnar veittist aðstoðarmaður eins keppanda að dómara með svívirðingum og yfirgangi. Viðkomandi var ekki með heimild til þess að vera inná keppnissvæðinu sjálfu, heldur aðeins í pít. Stjórn AKÍS harmar þá óíþróttamannslegu hegðun sem viðkomandi sýndi af sér. Því hefur stjórn AKÍS ákveðið að keppandi sá sem viðkomandi var aðstoðarmaður hjá (Sævar Gunnarsson) verði beittur fívíti að upphæð kr. 50000. Keppanda, Sævari Gunnarssyni, er meinuð þátttaka í keppnum á vegum AKÍS þar til fívítið hefur verið greitt.

6. FIA Sporting Conference Week #420

Frestað til næsta fundar.

7. Fjölmiðlamál #426

GR leggur til að búinn verði til fjölmiðlahópur sem safnar saman efni á Youtube og Facebook. JBJ, HKS, ÞB og GB/Íris.

FIA/NEZ live útsending frá Akureyri. Þarf leyfi frá AKÍS.

TMP - IP réttindi vegna "Formula Offroad" vörumerkið verði tryggt. Tómas Þorvaldsson lögfræðingur getur verið AKÍS innan handar. Komin beiðni fra Motors TV um að sýna torfæru á næsta ári.

GR - safna saman sérsamböndum sem eru í svipuðum sporum.

TMP og GR halda málinu áfram.

8. Önnur mál

BÍKR beiðni - kassabílarall skilar ekki lottótekjum. Ekki eru greiddir lottóstyrkir vegna greina sem er ekki viðurkendar af ÍSÍ.

Umræðu frestað til næsta fundar.

Fundargerð samþykkt og fundi slitið um kl. 20:30

Þrándur Arnþórsson